

SKÓLABLA
AÉTTÓ

'07 - '08

Efnisyfirlit

2	Ritstjórn
3	Pistill frá ritstjórn
4	Skólinn fyrir 50 árum
5	Gamlar myndir
6-7	Viðtal við Jón Pétur
8	Skrekkur og Samfés
9	Árshátíð 2008
10	Vorferðalag 10.bekkjar
11	Útskriftarárgangur 2008
12-13	Viðtal við Þorvald
14-15	Þekktir Rétthyltingar
16	Skólalíf
17	Álit nemenda

Ritstjórn



Hlín Baldvinsdóttir



Hugrún Lena Hansdóttir



Stefanía Karen Eriksdóttir



Pistill frá ritstjórn

Áður fyrr voru vorpróf hjá 10. bekk í maí eftir samræmdu prófin en árið 2007 var ákveðið að breyta útaf vananum og hafa vorverkefni þar sem nemendur gátu valið sig í hópa og gert verkefni eftir eigin höfði og áhugasviði. Okkur langaði að gera skólablað með greinum og viðtölum sem tengjast skólanum. Strax á fyrsta degi vorum við komnar með margar hugmyndir um útlit blaðsins, innihald, verkaskiptingu og fleira. Við byrjuðum hratt og var mikið búið að gera í enda dags. Okkur gekk vel að fá viðtöl við fólk og finna efni í blaðið. Í byrjun var ekki planið að selja blaðið en við ákváðum að setja upp plakat til að kanna áhuga nemenda á blaðinu. Margir höfðu áhuga svo við létum verða af því að prenta blaðið.

Við erum mjög ánægðar með að fá vorverkefni í stað prófa og okkur fannst gaman að vinna þetta verkefni.

Að lokum viljum við þakka skólanum og söluturninum Kúlunni fyrir að styrkja okkur og einnig viljum við þakka Ásdísi og Guðnýju en þó sérstaklega Þorvaldi fyrir mikla hjálp.

- Hlín, Hugrún Lena og Stefanía Karen.



Réttó 1958

Fyrir 50 árum síðan var húsnæði Réttarholtsskóla við Réttarholtsveg í byggingu. Smíðaðar voru tvær álmur, tengdar saman með miðgangi.

Þegar skólinn var fullgerður voru þar 23 almennar kennslustofur.

Garðinn á milli álmana var í byrjun áformað að nota við náttúrufræðikennslu og yrði þar gróðursett sem allra mest af plöntum og trjám.

Í blaðagrein frá árinu 1958, þegar á byggingu skólans stóð, var skrifað að Réttarholtsskóli yrði hinn glæsilegasti skóli og

því sem væri lokið af byggingu hans hefði verið lokið á met tíma.

Einnig kom fram að gluggar skólans væru stórir og gangarnir breiðir en annað væri nú sagt í dag þar sem nemendur skólans lenda oft í öngþveiti á leið sinni milli kennslustofa.





Jón Pétur Zimsen

Við settumst niður með Jóni Pétri Zimsen fyrrverandi náttúrufræðikennara og núverandi aðstoðarskólustjóra og spurðum hann nokkurra spurninga.

Hver er Jón Pétur? Hann er fæddur árið 1971, giftur tveggja barna faðir. Er búinn að kenna í skólanum í 9 ár, 1 ár sem aðstoðarskólustjóri. Hefur mikið yndi af íþróttum og útiveru, grætur yfir fegurðarsamkeppnum.

Hvernig ertu menntaður? Ég er menntaður grunnskólakennari, á leiðinni í framhaldsnám í stjórnun.

Hver eru helstu áhugamál þín? Íþróttir, skot og stangveiði, náttúrufræði.. hef áhuga á nánast öllu.

Af hverju byrjaðir þú að kenna í Réttó? Það vantaði kennara þegar ég var á síðasta árinu mínu í Kennaraháskólanum svo ég fór að kenna efnafræði. Síðar losnaði staða og skólustjórinn bauð mér starf og ég tók við því kefli. Mér leist mjög vel á að kenna í skóla þar sem eru bara unglingar, engir litlir krakkar. Svo er líka rosalega góður andi í skólanum.

Hvað ertu búin að kenna í skólanum lengi? Ég er búinn að kenna hér í 9 ár.

Hvað er eftirminnilegasta atvikið í Réttó? Það er eitt mjög eftirminnilegt. Á mínu öðru ári við kennslu var ég að kanna hitapenslu vökva og notaði spritt en það vildi svo illa til að sprittið sauð og það myndaðist spritt gufa sem kviknaði í svo stofan logaði í nokkrar sekúndur. Nemendur skemmtu sér vel yfir þessu en ég hélt andlitinu allan tímann.

Hvernig er kennara andinn í skólanum? Hann er mjög góður.

Hvað hefur þú unnið við annað en kennslu í Réttó? Ég hef unnið við ýmis störf. Verkstjóri hjá orkuveitunni, badminton þjálfari, unnið hjá borginni, sinnt fjárfestingum og fleira.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Það er glænýr fiskur

Hver er uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn? Það er Simpsons



En uppáhalds hljómsveitin þín? Það eru svo margar sem koma til greina, segjum bara R.E.M. Þið vitið hvaða hljómsveit það er, er það ekki?

Hver er uppáhalds staðurinn þinn á Íslandi? Norðanvert Snæfellsnesið og já Grafarvogurinn, ekki gleyma honum.

Hvernig er fullkomin dagur í lífi Jóns Péturs? Það er gott veður, ég fer að kenna góðum og skemmtilegum nemendum. Eftir skóla fer ég svo á rjúpnaveiðar. Um kvöldið horfi ég á beina útsendingu með Liverpool þar sem þeir vinna að sjálfsögðu. Ekki væri verra ef Man utd, Arsenal og Chelsea væru að tapa á sama tíma og já, Everton líka og Tottenham af því að Gummi heldur með þeim.

Hvort er skemmtilegra að vera náttúrufræðikennari eða aðstoðarskólastjóri? Æ, hvað get ég sagt við þessu? Mjög ólík störf, bæði mjög skemmtileg hvort á sinn hátt, bæði með marga kosti og fáa galla. Tíminn mun leiða í ljós hvernig mér líkar starfið sem ég er í núna betur en kennslan.

Eitthvað að lokum? Bara það að ég vona að nemendurnir sem útskrifast úr skólanum og þeir sem hafa þegar útskrifast muni spjara sig vel, í hverju sem það nú er.



Skrekkur 2007

Skrekkur 2007 var haldinn í Borgarleikhúsinu dagana 12-20 nóvember.

Réttó sendi í keppnina atriði sem fjallaði um unglings stelpu sem lendir í hópþrýsting og leiðist þá inn í fíkniefnaneyslu. Ýmsir nemendur í 9. bekk og 10. bekk léku í atriðinu og einnig sáu nemendur skólans um allan tónlistarflutning og sviðsstjórn. Réttó keppti í undankeppninni þann 13 nóvember en komst ekki upp úr henni þrátt fyrir flott atriði. Það kvöld komst meðal annars Hagaskóli áfram og vann hann að lokum aðalkeppnina.



Samfés 2008

Samfés hátíðin var haldin í 7-8. mars. Föstudagskvöldið 7. mars var haldið af stað frá Bústöðum um 6 leiði og farið niður í Laugardalshöll. Það tók sinn tíma að komast inn en um leið og flestir voru komnir hófust tónleikarnir. Meðal þeirra sem komu fram voru Ljótu Hálfvitarnir, Sign, Á móti sól, Páll Óskar, Bubbi og fleiri.

Daginn eftir, eða laugardaginn 8. mars var svo haldin söngvakeppni Samfés. Fyrir okkar hönd söng Karen Ósk Þórisdóttir og Svavar Cesar Hjaltsted spilaði á gítar. Þau stóðu sig með þrýði en það voru krakkarnir frá Bólinu í Mosfellsbæ sem unnu keppnina að þessu sinni með lagið Fever í flutningi Stefáníu Svavarsdóttir.



Árshátíð Réttó 2008

Árshátíð skólans var haldin 12 mars í Gullhömrum. Mikill undirbúningur var og skipuð var sérstök árshátíðarnefnd sem sá um það helsta ásamt nemendaráði og unglingaráði. Kvöldið hófst á því að allir hittust í Bústöðum þar sem boðið var uppá léttar veitingar.

Því næst komu rútur og keyrðu nemendur uppí Gullhamra. Þar fengum við þriggja rétta máltíð sem saman stóð af sveppasúpu, kjúkling og meðlæti og súkkulaðimús.

Á milli rétta var boðið uppá skemmtiatriði auk þess sem tilnefningar skólans voru kynntar.

Um hálf tíu leitið kom svo hljómsveitin Buff sem stóð fyrir balli til miðnættis.

Eftir það voru nemendur keyrðir heim með rútum og voru allir rosalega ánægðir með vel heppnaða árshátíð.

Tilnefningar kvöldsins voru þessar:

Ungfrú Réttó: Karen Ósk Þórisdóttir
Herra Réttó: Hörður Sveinn Konráðsson
Súkkulaði Réttó: Svavar Cesar Hjaltested
Fatafrik Réttó: Smári Rúnar Róbertsson
Bros Réttó: Kolfinna Elíasdóttir
Samloka Réttó: Dána Ágústsdóttir og Bjarki Phu
Bjartasta vonin: Ísak Ríkharðsson
Stuðbolti Réttó: Jakob Helgi Jónsson
Kennari Réttó: Kristján Ingason
Starfsmaður Bústaða: Andri Ómarsson



Útskriftarferð 10. bekkjar á Húnavelli

8-10. maí 2008



Það var lagt af stað um klukkan þrjú í ferðina. Við keyrðum í Borgarfjörð þar sem við stoppuðum stutt en í Staðarskála stoppuðum við til þess að borða. Þegar við komum í Húnavallaskóla fórum við niður í íþróttasalinn

og komum okkur fyrir, svo borðuðum við. Eftir matinn var ýmislegt gert, sumir fóru í fótbolta eða körfubolta, sumir spiluðu, enn aðrir fóru í sund eða slöppuðu af. Það var enginn svefnfriður þá nóttina og það var ekki fyrr en kennararnir voru búnir að gefast upp og búnir að segja að

við færum beint heim um morguninn sem fólk fór að sofna.

Við sváfum í um tvo tíma, vorum vakin klukkan sjö og drifin í morgunmat. Það var búið að skipta okkur í tvo hópa og var ég í fyrri hópnum. Sá hópur átti að vera kominn út í rútur fyrir klukkan átta og við keyrðum í um klukkutíma að river raftinginu. Þegar við komum á áfangastað tóku við langar útskýringar og skemmtileg djók hjá stjórnanda raftingsins sem útskýrði allt fyrir okkur. Við klæddum okkur í blautbúningana og settum á okkur hjálm og fórum út í aðrar rútur. Nú var keyrt að á og okkur var kennt að róa, bjarga fólki og fleira. Eftir kennsluna skiptum við okkur upp í hópa og lögðum af stað með okkar leiðbeinanda. Það var mikið skvett, hlegið og tekið á því en þegar upp var staðið var þetta mjög skemmtilegt. Eftir það fórum við í rútunum aftur á byrjunarstað, klæddum okkur úr blautbúningunum og fengum okkur heitt kakó. Þá vorum við keyrð í húsið hjá Paintballinu og fengum þar langlokur í hádegismat. Eftir matinn var farið í paintball en sumir kusu að fara í hestaferð, þar á meðal ég. Við vorum sóttar af stelpu og strák og keyrðum í hesthúsið. Svo fórum við í langan reiðtúr sem var rosalega finn og sáum við alla hina krakkana í paintball. Þegar við komum svo til baka voru skiptar skoðanir á því hvort það hafi verið skemmtilegt í paintball. Nú vorum við keyrð til baka í Húnavallaskóla þar sem við borðuðum kvöldmat og svo var m.a. farið í sund. Um hálf eitt fóru allir að sofa því kennararnir stóðu yfir okkur.



Um morguninn vorum við vakin um átta, nú var kominn laugardagur og tími til að halda heim. Við fórum og fengum okkur morgunmat og pökkuðum svo öllu dótinu okkar niður. Markmiðið var að vera lögð af stað heim fyrir klukkan tíu. Í rútunni sem ég var í horfðum við á myndir alla leiðina en flestir sváfu.

- Sara Árnadóttir

Útskriftarárgangur Réttarholtsskóla 2008



“Betra er autt rúm en illa skipað”
- Erla

“Verið högvær og gangið hægt um gleðinnar dyr.
Standið ykkur í öllu sem þið takið ykkur fyrir hendur”
- Gulla

“Komið fram við aðra eins og þið viljið að
aðrir komi fram við ykkur”
- Mariella og María

“Til þess að öðlast það sem þú þráir í lífinu
þarftu að vita nákvæmlega hvað það er sem
þú vilt”
- Ásdís

“Ekki borða gulan snjó og reynið að sleikja olnboga”
- Gummi, Maggi, Bjössi og Jón Svanur

“Husk at elske,
Mens du tør det.
Husk at leve,
Mens du gør det.”
- Kristín

“Verður hver með sjálfum sér lengst að fara”
- Hilmar

“Framtíð Íslands er borgið! – með flóttamönnum”
- Óðinn Pétur

“Í framtíðinni felast tækifæri”
- Sigrún



Þorvaldur Jónasson

Við tókum viðtal við myndmenntakennara skólans til síðustu 44 ára,
Þorvald sem er að hætta að kenna í vor eftir langan feril.

Hver er Þorvaldur? Þorvaldur er fæddur á Ólafsvík árið 1942. Ættaður úr Mýrarsýslu og frá Laugarvatni. Ljóshærður og bláeygður (eða var)

Hvað ertu menntaður? Ég tók kennarapróf árið 1964 og sótti námskeið við myndlistaskólann nokkra vetur. Síðar tók ég teiknikennarapróf frá kennaraháskóla í Osló og lærði þar einnig leturgerðir, skrautritun og þess háttar.

Hver eru helstu áhugamál þín? Ég var mikið í íþróttum á mínum yngri árum, var meðal annars í landsliðinu í frjálsum íþróttum. Einnig hef ég æft badminton lengi. Hef mikinn áhuga á listum yfirleitt, ekki síst tónlist. Þá má nefna sögu og ættfræði.

Af hverju byrjaðir þú að kenna í Réttó? Það var þannig að þegar ég var á síðasta árinu í Kennaraskólanum hringdi skólastjóri Réttarholtsskóla og sagði að það vantaði ungan mann til þess að taka að sér forfallakennslu u.þ.b. 8 tíma á viku og ég var beðin um að taka þetta að mér. Í kjölfarið var mér boðin föst staða við skólann um haustið.

Hvað ertu búinn að kenna lengi? Í heil 44 ár!

Hvað er eftirminnilegast frá árunum í Réttó? Það er eiginlega bara að hafa stofnað til kynna við mikinn fjölda skemmtilegra nemenda og ekki síst foreldrum þeirra og aðstandendum. Ég hef jú kennt þremur kynslóðum! Mér finnst líka ótrúlegt að á þessum langa ferli hafa u.þ.b. sextíu nemendur mínir látist, sem er auðvitað rosalega há tala. Þetta er eitthvað sem kemur upp í kollinn þegar litið er yfir ferilinn.

Hvernig er kennaraandinn í Réttó? Já, mér hefur alla tíð fundist aðall skólans hafa verið góður andi sem ríkir meðal starfsmanna.

Hvað hefur þú unnið við annað en kennslu í Réttó? Jafnhliða kennslu við Réttó hef ég alltaf unnið með skrautritun meðal annars fyrir opinbera aðila og lengi vann ég við auglýsingagerð á sumrin. Þá hef ég einnig kennt skrautritun og leturgerðir við tólmstundaskóla og geri enn.



Hverjir eru fjölskylduhagir þínir? Ég er giftur, konan mín er tónmenntakennari. Við eigum fjögur börn, þrjá syni og eina dóttur. Tíu barnabörn og það ellefta á leiðinni. Og svo á ég eitt barnabarn í bónus.

Hver er uppáhalds maturinn þinn? Pylsur með uppstúf og glænýjum kartöflum.

Hver er uppáhalds sjónvarpsefni? Shrek og Tommi & Jenni.

Hver er uppáhalds hljómsveit? Það eru auðvitað Bítlarnir, ekki nokkur einasti vafi. Þeir eru mínir menn.

Uppáhalds staður á Íslandi? Ég held að það sé Ásbyrgi – ótrúleg feegurð. Einnig allt í kringum Snæfellsjökul. Við Óðinn Pétur og Ingvar erum jú allir fæddir á þeim slóðum.

Hvernig er fullkominn dagur í lífi þorvalds? Þegar maður hefur skilið eitthvað eftir sig og unnið vel, þá er maður ánægður að kvöldi dags og sofnar sæll og glaður.

Hvað ætlar að gera eftir að þú hættir að kenna í Réttó? Ég verð eitthvað með skrautritun og námskeið og svo mun ég reyna að vera duglegur að hreyfa mig, fara í göngurferðir, synda, stunda útivist og svo er ég að byrja í golfi.

Að lokum, viltu segja eitthvað til nemenda þinna í gegnum árin? Ég vil bara þakka fyrir löng og skemmtileg kynni og ætli lítil vísa sem ég lærði ungur segi ekki allt:

Hnossin skaltu þekkja þrenn,
þau er gott að muna.
Frið við Guð og frið við menn,
og frið við samviskuna.



Þekktir Réttthyltingar

Í gegnum árin hefur fjöldinn allur af fólki stundað nám í Réttó og þar á meðal eru margir þekktir einstaklingar. Við töluðum við nokkur þeirra og spurðum þau um skólann.

Jón Gnarr



Hvenær varst þú í Réttó? Ég var veturinn 1980-81

Hvernig fannst þér í Réttó? Það var mjög leiðinlegt. Ég var pönkari og var oft laminn.

Hvað er eftirminnilegast úr skólanum? Kennararnir, sérstaklega Gandí og Pillus

Hvað gerðir þú eftir Réttó? Ég fór á Núp í Dýrafirði og var þar í tvo vetur

Hvað starfar þú við í dag? Ég geri allt mögulegt, en eina prófið sem ég er með er Meirapróf

Er ekki Réttó besti skólinn? Örugglega í dag, en hann var það ekki.

Valgeir Guðjónsson



Hvenær varst þú í Réttó? Frá 1965 til 1968 þegar ég tók landspróf.

Hvernig fannst þér í Réttó? Ég á góðar minningar, bæði sem nemandi og kennari – ég kenndi nefnilega í ein tvö ár við Réttó!

Hvað er eftirminnilegast úr skólanum? Það eru margir kennarar mjög eftirminnilegir, t.d. Pillan og Gandí og svo auðvitað Þorvaldur teiknikennari og Árni leikfímiskennari.

Ég tók líka mikinn þátt í félagslífinu, lék í leikritum og spilaði og söng. Böllin voru frábær, alltaf bestu hljómsveitirnar og troðfullur salur. Svo var íþróttahúsið í stöðugri notkun og þeir sem gerðu Víking að stórveldi í handbolta voru í skólanum um leið og ég.

Hvað gerðir þú eftir Réttó? Ég gerði nú ýmislegt, spilaði í tveimur hljómsveitum - Spilverki Þjóðanna og Stuðmönnum, lærði félagsráðgjöf í Noregi og gerði allskonar hluti á menningarsviði þjóðarinnar.

Hvað starfar þú við í dag? Ég starfa við fjölskyldufyrirtækið Námsstofuna, sem vinnur meðal annars að frábæru námstækni-forriti sem hjálpar manni t.d. að fá betri einkunir! Ætli einhver í Réttó þurfi á svoleiðis að halda?

Er ekki Réttó besti skólinn? Hverskonar spurning er þetta nú eiginlega? Að sjálfsgöðu!!!

Birna Karen Einarsdóttir



Hvenær varst þú í Réttó? Ég var í Réttó í 7-8-9 bekk, 1985 þar til 9 bekkur var búinn.

Hvernig fannst þér í Réttó? Ég var mjög ánægð enda voru allir vinir mínir í Réttó svo það var alltaf nóg að gera.

Hvað er eftirminnilegast úr skólanum? Það var kennari var kallaður Ghandi (einar náttúrufræðikennari) en hann var snældu klikkaður, svo klikkaður að hann var skemmtilegur.

Svo var það matreiðslukennarinn sem var Íslandsmeistari í karate, hún var líka mjög spes.

Hvað gerðir þú eftir Réttó? Ég fór í MR í 3ár og flutti svo til London í 1 ár en kom þó aftur til Íslands og klári stúdentinn í kvöldskólanum í MH.

Hvað starfar þú við í dag? Ég er fatahönnuður með mitt eigið fyrirtæki í Danmörku og á Íslandi.

Er ekki Réttó besti skólinn? YES



Freyr Eyjólfsson



Hvenær varst þú í Réttó? 1987-89

Hvernig fannst þér í Réttó? Alveg hræðilegt. Skelfilegir kennarar. Ömurlegur skólastjóri. Eða kannski var ég bara mjög frústeraður unglingur?

Hvað er eftirminnilegast úr skólanum? Vinn markvisst að því að reyna gleyma öllu. En ég man eftir einhverri uppreisn hjá nemendum sem gekk út á að rusla allt út. Af hverju? - Það bara man ég ekki.

Hvað gerðir þú eftir útskrift? Fannst ég vera laus úr helvíti. Vann í byggingarvinnu um sumarið, ferðaðist og fór síðan í MS. Allt hefur verið á uppleið síðan.

Hvað starfar þú við í dag? Frétta- og dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu og tónlistarmaður í hjáverkum.

Er ekki Réttó besti skólinn? Alveg örugglega

Gunnlaugur Briem



Hvenær varst þú í Réttó? 1975 - 1977. Getur verið svona langt síðan? hlýtur að vera einhver anskotans vitleysa...

Hvernig fannst þér í Réttó? Mér fannst erfitt að byrja í Réttó af því að ég kom úr Laugarnesskóla á meðan allir hinir komu úr Breiðagerðisskóla, rosa gaman....nema hjá mér.

Ég þekkti því engan þegar ég byrjaði, var hrikalega feiminn með filapensla og allt í steik.. hehehe, Nýfluttur í hverfið í brúnni úlpu....það er ekkert verra að en að vera nýfluttur í brúnni úlpu... Gekkk með veggjum þangað til ég fór að spila á trommurnar á árshátíðum og svoleiðis, þá hækkaði sjálfsálitið töluvert ahah..

Hvað er eftirminnilegast úr skólanum? Það er margt svo sem, kennararnir voru margir mjög spes...Sprettur Enskukennarinn var góður kennari, en bar nafn sitt af því að hann var kominn á öðru hundraðinu 10 sek. eftir að bjallan hringdi. ALLTAF!!! Þegar maður horfir tilbaka snérist mjög mikið um að reyna klekkja á kennurunum, fela kladdann, teiknibóla í sætið og þetta hefðbundna. Af hverju vinna krakkar ekki MEÐ kennurunum, þeir eru að undirbúa okkur fyrir framtíðina, ekki satt? Einnig er mér minnstætt...lúserarnir sem húktu úti við dyrnar í grænum Hagkaupsúlpu og voru að reyna að byrja að reykja....hóstandi, grænir í framan,alveg að fara að æla...alveg stórkostlegt svona eftir á að hyggja. Mér gekk aldrei að byrja að reykja, þrátt fyrir nokkrar tilraunir. Jú svo er ógleymanlegt partið sem bekkurinn hélt hjá Sigga Hrelli, þar sem við rákum mömmu hans út úr húsi og drukkum allann bjórinn sem hann hafði bruggað í óleyfi... svo fóru allir í sleik á eftir. Er þetta ekki svona ennþá?

Hvað gerðir þú eftir Réttó? Ég fór í Verslunarskólann niðri í bæ, var þar í 2 ár, tók verslunarpróf og fór eftir það í tónlistarnám.

Hvað starfar þú við í dag? Ég er tónlistarmaður, leik á trommur, sem lög, gef út plötur og búinn að túra um heiminn til 40 landa. Nýkominn frá Danmörku og Svíþjóð..fer aftur til Danmerkur að spila í sumar, síðan til Lettlands, Þýskalands, Rússlands og svo Noregs í haust....

Er ekki Réttó besti skólinn? Þarf eitthvað að spyrja að þessu?

Ég er líka að koma í Réttó á laugardaginn kl. 17.00 (17.mai) eitthvað djamm með árganginum, svo ætlum við í Bústaði líka



Böll 2007-2008



- * Celeb ball
- * Hip-hop ball
- * Valentínusarball
- * Vinaball
- * Goth ball
- * Jólabball



Álit nemenda

Nafn: Salóme 8. BS
Skemmtilegasti kennarinn í skólanum : Bjóssi eða Kristján Ingason.
Skemmtilegasta fagið : Eðlisfræði.
3 orð sem lýsa Réttó : Betri en Breiðó.

Nafn: Guðlaugur Helgi 8. GM
Skemmtilegasti kennarinn í skólanum : Kristján Ingason.
Skemmtilegasta fagið : Íþróttir.
3 orð sem lýsa Réttó : Gamall, góður, bestur.

Nafn: Guðný Helga 9. KI
Skemmtilegasti kennarinn í skólanum : Kristján Ingason.
Skemmtilegasta fagið : Íþróttir.
3 orð sem lýsa Réttó : Skemmtilegur, góður, gamall.

Nafn: Kári 9. KI
Skemmtilegasti kennarinn í skólanum : Kristján Ingason.
Skemmtilegasta fagið : Íþróttir
3 orð sem lýsa Réttó : Skemmtilegur, frábær, bestur.

Nafn: Silja 10. ÁÁ
Skemmtilegasti kennarinn í skólanum : Magnús og Jón Pétur.
Skemmtilegasta fagið : Stærðfræði.
3 orð sem lýsa Réttó : Félagsyndur, stórkostlegur og einstakur.

Nafn: Jakob 10. ÁÁ
Skemmtilegasti kennarinn í skólanum : Kristján Ingason.
Skemmtilegasta fagið : Náttúrufræði.
3 orð sem lýsa Réttó : Gleði, fagnaður, gaman.





**Réttarholtsvegi 1
108 Reykjavík**